

Miðvikudaginn 8. apríl 1992.

Nr. 14/1992.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Birni Kjartanssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Nytjastuldur. Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1992 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds. Ákærvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að ákærði sæti sviptingu ökuréttinda eigi skemur en þrjú ár samkvæmt lokaákvæði 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá verði ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Af hálfu ákærða er þess krafist aðallega, að hann verði al-sýknaður af kröfum ákærvaldsins, en til vara, að ákærða verði gerð vægasta refsing, er lög standa til.

Mæling fór ekki fram á vinandamagni í blóði ákærða, og er því ósannað, að um brot á ákvæðum 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga hafi verið að ræða. Er þá ekki grundvöllur að lögum að beita lokaákvæði 3. mgr. 102. gr. laganna í máli þessu.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Björn Kjartansson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Árnassýslu 28. ágúst 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 28. ágúst, er á dómþingi sakadóms Árnassýslu, sem háð er að Hörðuvöllum 1, Selfossi, af Þorgeiri Inga Njálssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 974/1990: Ákærvaldið gegn Birni Kjartanssyni, sem dómtekið var 13. s. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 27. september 1990, á hendur ákærða, Birni Kjartanssyni, kennitala 170168-3489, Reykjamörk 2, Hveragerði, „fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 19. maí 1990 heimildarlaust og undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni G-26141 frá húsi númer 3 við Grænumörk í Hveragerði um götur í bænum og óvarlega inn á bifreiðastæði við Hótel Örk með þeim afleiðingum, að bifreiðin lenti utan í bifreiðinni SP-654, sem þar var kyrrstæð og mannlauð, og fyrir að hverfa þaðan af vettvangi án þess að gera viðeigandi ráðstafanir vegna óhappsins.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956, 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

I.

Laugardaginn 19. maí 1990 um kl. 12.15 hringdi umráðamaður bifreiðarinnar SP-654, Ólafur Tryggvi Kjartansson, Spítalavegi 9, Akureyri, til lögreglunnar á Selfossi og tilkynnti, að þá um nóttina hefði verið ekið á bifreiðina, þar sem hún stóð við Hótel Örk í Hveragerði. Í frumskýrslu Reynis Þorkelssonar lögregluvarðstjóra, er fór á staðinn og kannaði vettvang, segir m.a.: „Sýnilegt var, að þarna hafði stórri fólksbifreið verið ekið mjög harkalega í hring á bifreiðastæðinu, og svo virðist sem hægra afturhorn hennar hafi slegist í SP-654. Um kl. 15.00 hafði Ólafur Tryggvi fundið bifreið í Hveragerði, sem var skemmd á hægra afturhorni. Hafði Ólafur samband við eiganda bifreiðarinnar, Hjalta Helgason, Borgarhrauni 16, Hveragerði. Ekki kannaðist Hjalti við þessar skemmdir, og er þeir báru skemmdirnar saman, virtist svo sem bifreið Hjalta væri tjónvaldurinn.“

Samkvæmt frumskýrslunni skýrði Hjalti svo frá, að um nóttina hefði Björn Kjartansson, Reykjamörk 2, Hveragerði, ákærði í máli þessu, tekið bifreiðina ófrjálstri hendi, þar sem hún hefði staðið við hús nr. 3 við Grænumörk í Hveragerði. Kvaðst Hjalti síðan hafa fundið bifreiðina við Hótel Örk, og hefði hún þá verið skemmd á hægra afturhorni. Er haft eftir Hjalta, að ákærði hafi verið mjög ólvaður þarna um nóttina.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga var ákærði handtekinn í Hvera-

gerði um kl. 19.30 þennan sama dag og fluttur á lögreglustöðina á Sel-fossi.

Samkvæmt málgögnum var fyrst tekin formleg framburðarskýrsla af ákærða kl. 16.42 sunnudaginn 20. maí, en hann hafði þá dvalist næturlangt í fangageymslu. Við skýrslutökuna viðurkenndi ákærði að hafa verið ökumaður bifreiðarinnar G-26141, er henni var ekið á bifreiðina SP-654 á bifreiðastæði við Hótel Örk í Hveragerði nóttina áður. Hins vegar neitaði ákærði því, að hann hefði fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, enda hefði hann ekki neytt áfengis. Þá hélt ákærði því fram, að eigandi bifreiðarinnar G-26141, Hjalti Helgason, hefði verið farþegi í bifreiðinni í umræddum akstri.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna við rannsókn og meðferð málsins hjá lögreglu og fyrir dómi.

Hjalti Helgason, Borgarhrauni 16, Hveragerði, eigandi bifreiðarinnar G-26141, gaf skýrslu hjá lögreglu 19. maí 1990. Kvaðst hann hafa verið farþegi í bifreið sinni aðfaranótt umrædds laugardags. Ökumaður hefði verið Helgi Óskarsson. Síðan segir Helgi svo frá: „Um kl. 0.30 til 1.00 sáum við Björn á Breiðumörk. Virtist hann mjög ölvaður og vildi komast í bilinn hjá okkur og bað okkur að aka sér niður í þorp, og gerðum við það og ókum honum að Grænumörk 3. Þar var einhver gleði, og fór Björn þar inn ásamt Helga bílstjóra. Billinn varð þarna rafmagnslaus, og fékk ég geymi lánaðan hjá strák, sem á heima að Grænumörk 3, og setti hann í bilinn hjá mér. Í framhaldi af því fór ég inn í húsið og þvoði mér um hendurnar í baðherberginu. Þá heyri ég, að bíl mínum er „startað“ úti, og hljóp þegar út, því að lyklunum hafði ég gleymt í kveikjúlás, eða Helgi skildi þá þar eftir, þegar hann fór inn í húsið. Þegar ég kom út, sá ég, hvar Björn var undir stýri á bíl mínum, hafði bakkað úr innkeyrslunni út á götuna og var að fara af stað áfram.“.

Framangreint vitni kom fyrir dóm 19. júní sl. og staðfesti framburðarskýrslu sína hjá lögreglu. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa heimilað ákærða að aka bifreið þess í umrætt sinn, vitnið hefði á engan hátt heimilað slíkt. Þá kvaðst vitnið fullyrða, að ákærði hefði verið ölvaður, er vitnið hitti hann á Breiðumörk í Hveragerði laust eftir miðnætti aðfaranótt umrædds laugardags.

Janus Bjarnason, Borgarhrauni 23, Hveragerði, gaf skýrslu hjá lögreglu 20. maí 1990 og kom fyrir dóm 19. júní sl. Í skýrslu sinni hjá lögreglu kvaðst vitnið hafa verið á gangi suður Breiðumörk aðfaranótt laugardagsins 19. maí 1990, þegar það hefði veitt bifreiðinni G-26141 athygli, þar sem henni var ekið norður Breiðumörk. Síðan segir vitnið svo frá: „Síðan heyrdi ég spól og væl. Ég leit til baka og sá þá, að verið var að snúa G-26141 við á mótis við Blómaborg. Þegar ég var kominn inn í Þelamörk

vestan megin, varð mér aftur litið við, og þá sá ég G-26141 á leið til baka suður Breiðumörk. Ég sá, að einn maður var í bílnum, það var Björn Kjartansson frá Völlum, sem ég þekki mjög vel. Hann ók í suður og hvarf sjónum mínum. Nokkru seinna fór ég á barinn á Hótel Örk. Þar hitti ég Björn; þá var hann talsvert ölvaður. Hann bað mig að koma út, því að hann ætlaði að sýna mér eitthvað. Ég hafði ekki áhuga á að tala við hann og fór því frá honum, en ég vissi ekki, hvað það var, sem hann ætlaði að sýna mér.“ Er vitnið kom fyrir dóm, staðfesti það þessa skýrslu sína.

Vitnið Hlöðver Magnússon lögreglumaður, Heiðarbrún 41, Hveragerði, gaf skýrslu hjá lögreglu 18. júní 1990. Í skýrslu sinni hjá lögreglu skýrir vitnið m.a. svo frá: „Ég var staddur í afgreiðslu Shell á Austurmörk í Hveragerði um kl. 0.30 aðfaranótt laugardagsins 19. maí síðastliðinn. Þá komu þeir Helgi Óskarsson, Hjalti Helgason og Björn Kjartansson á bifreiðinni G-26141, og var Helgi ökumaður. ...Hjalti og Björn komu út úr bifreiðinni ásamt Helga. Hjalti og Björn voru báðir undir áfengisáhrifum, en Björn öllu meira. ...Það fór ekki á milli mála, að hann var talsvert ölvaður.“ Skýrslu þessa staðfesti vitnið, er það kom fyrir dóm 19. júní sl. Kvaðst vitnið hafa merkt það á háttalagi ákærða, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis í greint sinn, enginn vafi hefði verið á því.

Vitnið Helgi Óskarsson, Hátúni 6 B, Reykjavík, gaf skýrslu hjá lögreglu 20. maí 1990. Þar segir vitnið svo frá: „Aðfaranótt síðastliðins laugardags var ég að aka með Hjalta Helgason, Borgarhrauni 16 í Hveragerði, í bifreið hans, G-26141. Ætli það hafi ekki verið um kl. 0.30, er við vorum á Breiðumörk, að Björn Kjartansson kom til okkar og við buðum honum að koma með okkur í bíltúr. Hann var talsvert ölvaður, var reikull í spori. Í bílnum var bjór, og drakk hann af honum ásamt Hjalta. Eftir að hafa „rúntað“ í skamma stund, fórum við allir í hús við Grænumörk. Þar sá ég Björn drekka áfengi...“ Kvaðst Helgi hafa frétt það síðar, að ákærði hefði ekið bifreiðinni frá Grænumörk, en ekki orðið vitni að þeim akstri. Er Helgi Óskarsson kom fyrir dóm 2. júlí sl., var framburður hans lítt afdráttarlaus. Kvaðst vitnið þá telja, að ákærði hefði verið litillega undir áhrifum áfengis, er það hitti ákærða í Hveragerði laust eftir miðnætti aðfaranótt umrædds laugardags. Þá kvaðst vitnið ekki minnst þess að hafa séð ákærða neyta áfengis, eftir að komið var í húsið við Grænumörkina. Var vitninu bent á ósamræmi í framburði þess fyrir dómi annars vegar og hjá lögreglu hins vegar. Vísaði vitnið þá til þess, hversu langt væri um liðið, frá því er umræddur atburður varð. Líklegra væri, að framburður þess hjá lögreglu, sem skráður var daginn eftir, að ætlað brot var framið, væri réttur.

Er ákærði kom fyrir dóm 2. júlí sl., viðurkenndi hann að hafa aðfaranótt laugardagsins 19. maí 1990 ekið bifreiðinni G-26141 frá húsi nr. 3 við Grænumörk í Hveragerði um götur í bænum og inn á bifreiðastæði við

Hótel Örk. Þar hefði bifreiðin rekist utan í bifreiðina SP-654. Ákærði þverneitaði því hins vegar, að hann hefði í umrætt sinn ekið bifreiðinni heimildarlaust og undir áhrifum áfengis. Þá sagðist hann ekki hafa ekið bifreiðinni óvarlega inn á bifreiðastæðið við Hótel Örk, og ætlun sín hefði verið sú að skýra frá óhappinu strax daginn eftir. Þá sagði ákærði, að eigandi bifreiðarinnar G-26141 hefði verið farþegi í henni í framangreindum akstri og með því hefði ákærði litið svo á, að hann hefði heimild til að aka bifreiðinni. Þá kvaðst ákærði ekki hafa neytt áfengis fyrir umræddan akstur né heldur, meðan á honum stóð. Eftir að akstri lauk, hafi hann hins vegar byrjað að neyta áfengis og neytt þess fram eftir nóttu. Það hafi orðið til þess, að hann tilkynnti ekki um árekstur við bifreiðina SP-654, en hefði ætlað að gera það í þann mund, er lögreglan kom að heimili hans.

Af hálfu ákærða hefur verið lögð fram skrifleg vörn, en þar er þess aðallega krafist, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins í málinu. Til vara er þess krafist, að ákærða verði einvörðungu gerð vægasta refsing, er lög standa til. Loks er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til skipaðs verjanda ákærða að mati réttarins.

II.

Með framburði vitna og sakargögnum að öðru leyti þykir ekki varhuga-vert að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar telst réttilega heimfærð til refsíákvæða.

III.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt viðurlögum svo sem hér greinir:

Hinn 24. ágúst 1983 dómsátt fyrir brot gegn lögum nr. 65, 1974, um ávana- og fíkniefni.

Hinn 12. september 1985 dómsátt fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968. Svipting ökuréttinda í 12 mánuði.

Hinn 7. janúar 1987 dómsátt fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968. Svipting ökuréttinda í 12 mánuði frá 7. janúar 1987. Brot þetta framdi ákærði 24. apríl 1986.

Hinn 30. desember 1987 dómsátt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968.

Hinn 14. mars 1988 dómur fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. og 37. gr. umferðarlaga.

Ákærði hefur nú unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987. Ber að ákvarða honum refsingu með hliðsjón af 77. gr. almennra

hegningarlaga. Þykir refsing ákærða með tilliti til sakaferils hans hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt til ríkissjóðs og 30 daga varðhald, sem þykir mega skilorðsbinda, svo sem nánar er rakið í dómsorði. Vararefsing vegna sektarinnar ákveðst 25 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 101. gr. og 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, ber að svipta ákærða ökuréttindum í tvö ár frá dómsbirtingu að telja.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Björn Kjartansson, sæti varðhaldi í 30 daga, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði 60.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti 25 daga varðhaldi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.
